

Mánudaginn 15. marz 1965.

Nr. 206/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Guðjóni Ólafssyni (Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, stöðvuðu lögreglumenn bifreið ákærða aðfaranótt 16. apríl 1964 og færðu hann á lögreglustöðina í Reykjavík, þar sem framkvæmd var athugun á málavöxtum. Rituðu lögreglumenn þegar skýrslur um þessar aðgerðir. Sigurður Þórhallsson lögregluþjónn, sem ásamt öðrum lögregluþjóni stöðvaði bifreið ákærða, segir í skýrslu sinni, að nokkurn áfengisþef hafi lagt úr bifreiðinni, í henni hafi fundizt tvær hálfslitra flöskur án merkis Áfengisverzlunar ríkisins, önnur full, en hin með slatta af vodka, ákærði hafi neitað áfengisneyzlu, niðurstaða öndunarprófs ákærða hafi verið þriðja stigs og honum hafi verið tekið blóð til rannsóknar, en ekkert segir í skýrslu þessari um álit lögregluþjónanna á því, hvort ákærði hefði verið með áfengisáhrifum eða ekki. Í skýrslu Guðmundar Kristjáns Hermannssonar lögregluvarðstjóra, sem prófaði ákærða á lögreglustöðinni, segir m. a., að ákærði synji fyrir að hafa neytt áfengis og að hafa verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðar sinnar, að niðurstaða öndunarprófs ákærða hafi verið þriðja stigs, jafnvægi hans stöðugt, súrlykt hafi verið af vitum hans, hann hafi verið vöteygur og rauðeygur, greinargóður í frásögn, skýr í málvari, kurteis, en þrætugjarn. Héðinn Skúlason lögregluþjónn ritaði á skýrslu varðstjórans sem vottur. Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 16. apríl 1964, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 1.03‰.

Héraðsdómari tók mál þetta til meðferðar í sakadómi hinn 3. júní 1964 og lagði þá fram greindar skýrslur. Kom

þá fyrir sakadóminn einungis ákærði, sem játaði að eiga áfengi það, er í bifreiðinni hafði fundizt, og kvaðst hann hafa flutt það „inn samkvæmt þeirri reglu, að flug- og farmmenn hafi með sér flösku“. Ákærði kvaðst hafa dvalið á heimili Gunnars Arthurssonar að Efstasundi 12 í Reykjavík frá því um klukkan 1030 að kvöldi hinn 15. apríl 1964 og fram yfir miðnætti, drukkið þar þrjár til fjórar flöskur af áfengu öli, eigi fundið á sér við akstur þaðan, en lítills háttar til áfengisáhrifa, er hann kom á lögreglustöðina í Reykjavík. Eigi var málið prófað frekar, áður en ákæra var gefin út og héraðsdómur upp kveðinn.

Að tilhlutan saksóknara ríkisins hefur framhaldsrannsókn verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms og nokkurra gagna verið aflað.

Hinn 6. janúar 1965 komu lögreglumenn, er í hlut áttu, fyrir dóm og báru vætti samkvæmt eiði sínum. Guðmundur Kristján Hermannsson lögregluvarðstjóri staðfesti skýrslu sína, þá er áður greinir, og kvaðst eigi muna önnur ein-kenni áfengisáhrifa í fari ákærða en þar er lýst. Sigurður Þórhallsson lögregluþjónn staðfesti og skýrslu sína, sem hann kvað „geyma allar þær upplýsingar, sem“ hann gæti „veitt um málið“. Hann kvaðst muna það eitt, er bent gæti til þess, að ákærði hefði verið með áhrifum áfengis, að augu hans „voru vot og rauð“. Héðinn Skúlason lögregluþjónn staðfesti, að hann hefði ritað nafn sitt sem vottur á skýrslu lögregluvarðstjórans. Hins vegar kvaðst hann „ekki geta komið máli þessu fyrir sig nú, þannig að“ hann „gæti veitt neinar frekari upplýsingar“. Hinn 8. janúar 1965 kom fyrir dóminn Gunnar Arthursson flugmaður, Efstasundi 12, Reykjavík. Kvað hann ákærða hafa komið heim til sín kl. 9.30 til 10 að kvöldi hinn 15. apríl 1965 og staðið við þar til um miðnætti. Á þessu tímabili neyttu þeir að sögn hans áfengs öls, í álíka mæli og í framburði ákærða greinir.

Samkvæmt bréfi Flugfélags Íslands h/f, dags. 7. janúar 1965, kom ákærði sem flugmaður á vegum félagsins frá útlöndum dagana 4., 9. og 12. apríl 1964. Tollstjórinn í

Reykjavík hefur hinn 25. janúar 1965 vottað, „að samkvæmt starfsfyrirmælum, sem tollvörðum voru gefin í bréfi, dags. 11. nóvember 1959, var svo ákveðið, að við komu frá útlöndum mætti hver maður úr áhöfninni hafa allt að 1 flösku ($\frac{3}{4}$ lítra) af sterku áfengi til eigin nota, en þó aldrei umfram 4 flöskur á mánuði“.

Með hliðsjón af því, sem rakið var um ferðir ákærða til útlanda og leyfð vinföng á vegum farmanna, þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða af ákæru um brot gegn 17. sbr. 33. gr. laga nr. 58/1954. Samkvæmt niðurstöðu áfengisrannsóknar á blóði ákærða og því, sem í ljós er leitt um áfengisneyzlu hans, áður en hann hóf bifreiðarakstur þann, sem mál þetta er af risið, þykir ákærði hins vegar sannur að sök um brot gegn 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. og 81. gr. laga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi kr. 3.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að svipta ákærða leyfi til bifreiðarstjórnar 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Ólafsson, greiði kr. 3.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, Tómasar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægga með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 31. október 1964.

Ár 1964, laugardaginn 31. október, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 42/1964: Ákærvaldið gegn Guðjóni Ólafssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 24. júní 1964, gegn Guðjóni Ólafssyni flugmanni, Kópavogsbraut 45 (áður 23) í Kópavogi, fæddum 22. júní 1939, fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 16. apríl 1964 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 939 frá Efstasundi 12 í Reykjavík að veitingahúsinu Þórscafé og þaðan eftir nokkra viðstöðu áleiðis heim til sín í Kópavog, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Laugavegi við Laugarnesveg. Í bifreið ákærða fannst ein og hálf flaska af ótollafgreiddu áfengi.

Í ákæruskjali telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 17. gr. og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til að sæta upptöku á framangreindu áfengi samkvæmt 33. gr. i.f. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Guðjón Ólafsson, er fæddur í Reykjavík 22. júní 1939. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum: 1957 9/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 27. og 28. gr. bifreiðarlaga.

1959 27/11 í Kópav.: Sátt, 50 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1960 27/12 í Kópav.: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1962 23/5 í Kópav.: Áminning fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þeir, að kvöldið 15. apríl 1964 sat ákærði, Guðjón Ólafsson, hjá kunningja sínum, Gunnari Arthurssyni, Efstasundi 12 í Reykjavík, á tímabilinu kl. 10:30 til 12:30 eða eitt. Þar kvaðst ákærði hafa drukkið úr 3—4 dönskum pilsnerflöskum á ca. 2 klukkustundum. Taldi ákærði þetta óhætt, en hann kveðst neyta áfengis bæði lítið og sjaldan. Ákærði ók síðan áleiðis heim til sín í Kópavog, en kom aðeins við hjá Þórscafé „til að sjá, hvað út kæmi, er lokað væri“, eins og hann orðaði það. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa á leiðinni, en viðurkenndi að hafa fundið til lítills háttar áfengisáhrifa, er hann var kominn á lögreglustöðina eftir handtöku. Stuttu eftir að ákærði var farinn frá Þórscafé, var hann stöðv-

aður af lögreglunni í Reykjavík, sem var í eftirlitsferð nálægt Þórscafé, um kl. 0130 aðfaranótt 16. apríl. Við handtöku neitaði ákærði áfengisneyzlu, en blóð var tekið úr honum, og reyndist það við rannsókn innihalda 1.03% vínanda. Við handtöku fundust 2 ½-liters flöskur í bifreið ákærða; önnur full af áfengi, en hin með slatta í. Hvorug flaskan var með merkjum Áfengisverzlunar ríkisins. Ákærði, sem er flugmaður í millilandaflugi, gerir þá grein fyrir hinum ótollafgreiddu áfengisflöskum, að hann fái sem flugmaður leyfi tollgæzlumanna til að taka með sér í land úr hverri utanlandsferð flösku af áfengi. Séu því áfengisflöskurnar á allan hátt löglegar. Ákærði kveður áfengislykt hafa verið í bifreið sinni, er hann var handtekinn. Kveður hann það stafa af því, að hann aki stundum félögum sínum, þegar þeir séu að skemmta sér, og sé því stundum neytt áfengis í bifreiðinni, þótt hann geri það aldrei sjálfur. Hafi hann nýlega trakterað kunningja sína á áfengi í bifreiðinni og af því hafi vínlyktin stafað aðallega, og þess vegna hafi flöskurnar verið þar. Ákærði færir sér til sérstakra málsbóta, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa, er hann hóf aksturinn, að hann neyti sjaldan og lítið áfengis og að hann hafi haldið, að magn það, sem hann neytti af léttum dönskum pilsner á 2 klukkustunda tímabili, myndi ekki gera hann vanhæfan til bifreiðaraksturs eða valda ólögmætu vínandamagni í blóði hans.

Með eigin játningu ákærða um neyzlu áfengs öls og niðurstöðu blóðrannsóknar er sannað, að hann gat ekki stjórnað ökutæki örugglega samkvæmt skilningi 2. og 3. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958. Gegn neitun ákærða er hins vegar ekki sannað, að hann hafi verið með áfengisáhrifum við aksturinn. Þar sem niðurstaða blóðrannsóknar sker úr um refsínæmi verknaðar ákærða, hefur ekki þótt ástæða til að freista þess að fá úr því skorið með frekari rannsókn, hvort hann hafi verið með áfengisáhrifum við aksturinn, þótt í ákæruskjali sé hann talinn hafa verið það.

Ákærði er flugmaður að atvinnu og stundar utanlandsflug. Alkunna er, að samkvæmt starfsreglum tollgæzlunnar fá flug- og farmenn að taka með sér flösku af sterkum drykkjum og 10 vindlingapakka heim úr hverri utanlandsferð, ef þeir óska þess. Samkvæmt þeirri reglu og vitneskju um starf ákærða þykir verða að taka trúanlegar upplýsingar hans um, hvernig áfengisflöskur þær, sem hann hafði í bifreið sinni, séu fengnar. Er því ekki uppfyllt það skilyrði 17. gr. áfengislaga, — að ætla meg,

að sé ólöglegt —, til að grundvöllur sé fyrir því að skylda ákærða til að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið áfengið. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot gegn 17. gr. áfengislaga nr. 58 frá 1954. Eins og að framan greinir, er sannað með niðurstöðu blóðrannsóknar, að ákærði hefur brotið ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958. Hins vegar er ekki sannað, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Bendir skýrsla lögregluvarðstjóra til hins gagnstæða: Framburður greinargóður, málfar skýrt, jafnvægi stöðugt, framkoma kurt-eis. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða fyrir framangreint umferðarlagabrot þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en til vara varðhald í 10 daga.

Pá er ákærði ákærður til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til að sæta upptöku á áfengi samkvæmt 33. gr. i.f. áfengislaga. Samkvæmt framangreindu ber að sýkna hann af ökuleyfis- og upptökukröfu samkvæmt áfengislögum. Kemur þá til álita krafa um ökuleyfis-sviptingu samkvæmt 81. gr. umferðarlaga. Ákærði hefur ekki áður gerzt sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri. Málsbætur þær, sem hann færir fram sér til afsökunar og dómaraðnum er kunnugt, að eru réttar, að því er almenna hegðun varðar, þykja þess eðlis sem 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga á við, er heimild er veitt til að sleppa sviptingu vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. Þykir því mega sýkna hann af kröfu um ökuleyfissviptingu einnig samkvæmt umferðarlögum.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Ólafsson, Kópavogsbraut 45, sæti 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en sektin aflánist með 10 daga varðhaldi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann greiði og allan sakarkostnað. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.